

Lánveitingar samkvæmt framkvæmdalánssamningum, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu einnig haldast óbreyttar að þessu leyti. Allt lánsfé, sem kemur til greiðslu eftir gildistöku laganna, skal hins vegar veitt með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum.

4. Þær íbúðir í verkamannabústöðum, sem eru í byggingu og orðnar fokheldar þegar lög þessi taka gildi, skulu fjármagnaðar og hljóta lánakjör samkvæmt eldri lögum. Sama gildir um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga þar sem framkvæmdir eru hafnar eða samningar undirritaðir við gildistöku laganna, þá skal þeim lokið samkvæmt lögum nr. 38/1976. Þær íbúðir, sem ekki hafa verið samþykktar af húsnæðismálastjórn, en áætlað var að byggja samkvæmt þeim lögum, skulu falla undir kaflann um félagslegar íbúðabyggingar í þessum lögum.
5. Stjórnir verkamannabústaða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu starfa áfram til ársloka 1980, en fyrir þann tíma skulu allar sveitarstjórnir, sem lög þessi taka til, og félagasamtök launafólks hafa tilnefnt fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í viðkomandi byggðarlagi samkv. 39. gr. þessara laga. Kjörtímabil þeirra stjórna verkamannabústaða, sem þá verða skipaðar, skal vera út kjörtímabil núverandi sveitarstjórna.
6. Ákvæði staflíðar b í 37. gr. tekur gildi frá og með 1. janúar 1981.

Gjört í Reykjavík 9. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

FORSETI ÍSLANDS

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976, bætist nýr töluliður, 6. töluliður, svohljóðandi:

6. Fyrir háttsemi, sem greinir í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfðá eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.